

# Gísla saga Súrssonar



## Vinnubók

### 1. kafli

1. Hvaða nafnbót bar Þorkell skerauki og hvað merkti sú nafnbót?
2. Hvað hétu synir Þorkels skerauka og konu hans Ísgerðar og hvar bjuggu þau í Noregi?
3. Hvað hét þrællinn sem fylgdi Ingibjörgu til Ara?
4. Hvaða tvo kosti gaf Björn hinn blakki Ara?
5. Hvað sagði Ingibjörg við Gísla þegar hann sagðist ætla að ganga á hólum við Björn hinn blakka?
6. Hvað hét sverðið sem Gísli fékk hjá Kol?
7. Hvað varð um þetta góða sverð?



### 2. kafli

8. Hvað hétu börn Þorbjarnar og Þóru?
9. Hvað varð um Ara?
10. Af hverju drap Gísli Bárð?
11. Hvernig breyttist samband Gísla og Þorkels eftir vígið á Bárði?
12. Hvað eggjar Þorkell Hólmgöngu-Skeggja til að gera?
13. Hvað bað Skeggi Ref smið sinn að gera?
14. Hvað hét sverð Skeggja?
15. Hvernig lauk hólmgöngunni?

### 3. kafli

16. Hvað hétu synir Skeggja úr Söxu?
17. Hvernig munduð þið lýsa Kolbirni?
18. Kolbjörn hlýtur ill örlög í sögunni. Var einhver leið fyrir hann að forðast þau? Hvernig þá?
19. Hvað slöktu þau Gísli oft eldinn fyrir brennumönnum?
20. Hvernig hefndu þeir Súrssynir sín á sonum Hólmgöngu-Skeggja?

#### **4. kafli**

20. Hvar komu þeir Gísli að landi á Íslandi?
21. Af hverju fékk Þorbjörn viðurnefnið súr?
22. Hvar keypti Þorbjörn súr land og hver er sagður hafa byggt bæinn þar?
23. Hvað hétu börn Vésteins Austmanns og Híldar Bjartmarsdóttur?
24. Hvað hétu synir Vésteins Vésteinssonar og Gunnhildar?

#### **5. kafli**

25. Gerið grein fyrir konum þeirra bræðra, Gísla og Þorkels?
26. Þorsteinn þorskabítur átti þrjú börn. Hvað hétu þau?
27. Í hvaða sögu getum við lesið um þá Þórólf Mostraskegg og Þorstein þorskabít?
28. Hvað fékk Þorgrímur í heimanmund með Þórdísi systur Gísla?
29. Hvert fluttu Súrssynir?
30. Af hverju var þeim Súrssonum styrkur að tengslunum við Þorgrím?

#### **6. kafli**

31. Hverju spáir Gestur Oddleifsson í þessum kafla?
32. Teiknið mynd af því þegar menn sverjast í fóstbræðralag og notið lýsinguna í bókinni.
33. Af hverju vill Þorgrímur ekki sverjast í fóstbræðralag með Vésteini?
34. Sýnið hvernig Vésteinn og Þorgrímur tengdust þeim Gísla og Þorkatli.

#### **7. kafli**

35. Af hverju drápu Austmennirnir Þórodd son Þorgríms?
36. Hvaða tilgangi þjónar þessi kafli af hetjudáð Þorgríms fyrir söguna?
37. Berið saman hvernig þeim vegnar í Noregi, Þorkatli og Þorgrími annarsvegar og Gísla og Vésteini hinsvegar?

**8. kafli**

38. Með hverjum fóru þeir Gísli og Vésteinn til Danmerkur?
39. Hvar dvöldu þeir Gísli fyrsta veturinn úti?
40. Af hverju fór Vésteinn til Englands?
41. Hverju lætur Gísli Véstein lofa sér áður en hann leyfir honum að fara til Englands?
42. Hvaða hlut lætur Gísli Véstein fá og til hvers var hann ætlaður?

**9. kafli**

43. Hvernig lýsir höfundur þeim bræðrum Þorkatli og Gísla í upphafi þessa kafla?
44. Hvað heyrði Þorkell af samtali Auðar og Ásgerðar sem honum mislíkaði?
45. Skýrið vísuna. Hvað er Þorkell í rauninni að segja?  
"Heyr undr mikit,  
heyр örlygi,  
heyр mál mikit,  
heyр manns bana,  
eins eða fleiri,"...
46. Skrifid niður orð Auðar er hún hefur heyrt vísu Þorkels?
47. Hvernig gátu hjón skilið á þessum tíma?
48. "Hvað á Gísli við þegar hann segir: "Eigi sé ég hér ráð til, það sem duga mun. En þó mun ég ekki kunna þig um þetta því að mæla verður einhver skapanna málum og það mun koma fram sem auðið verður"?

**10. kafli**

49. Hvernig tekur Gísli því þegar Þorkell tilkynnir honum að hann ætli að flytjast til Þorgríms?
50. Hvernig skiptu þeir bræður með sér föðurarfinum?
51. Af hverju ætli Gísli hafi lagt niður blót?
52. Hvers vegna vill Gísli ekki fá Véstein í heimsókn?

**11. kafli**

- 53. Rifjið upp hvenær sverðið Grásíða var notað síðast og hvað varð um það.
- 54. Af hverju er Þorgrímur nef kallaður til sögunnar?
- 55. Hvers vegna vill Gísli ekki að Vésteinn komi til boðsins í Haukadal?

**12. kafli**

- 56. Hvað segir það okkur um Véstein hvernig hann leysir deilu húskarlanna í Holti?
- 57. Af hverju snýr Vésteinn ekki aftur þegar hann fær boð Gísla?
- 58. Hvaða hliðstæðu þessarar örlagaríku ákvörðunar má finna í annarri Íslendingasögu?
- 59. Hvernig brást Vésteinn við þegar hann þekkti pening Gísla og hverju svaraði hann þeim Hallvarði og Hávarði?
- 60. Hve oft er Vésteinn varaður við eftir að hann afræður að halda áfram og hverjir eru það sem vara hann við?
- 61. Af hverju lýgur Geirmundur því að hann hafi ekki séð Véstein?
- 62. Hvað færði Vésteinn þeim Auði, Gísla og Þorkatli að gjöf?
- 63. Hvað á Þorkell við með orðunum: "... eigi eru launin sýnni en svo."?

**13. kafli**

- 64. Hvernig stóð á því að Gísli og flestir karlmennirnir á Hóli voru utandyra nóttina sem Vésteinn var myrtur?
- 65. Hver voru lokaorð Vésteins og hvað merkja þau?
- 66. Af hverju eggjar Auður Þórð til að taka spjótið úr sárinu?
- 67. Hvernig voru menn búnir á Sæbóli þegar Guðríður kemur þangað og hvaða ályktun getum við dregið af því?
- 68. Í sögunni segir: "Þorkell hafði sverð og brugðið af handfang." Hvað merkir þessi setning?

**14. kafli**

69. Í hverju fólst það að binda á menn helskó?
70. Af hverju ætli Gísli hafi ekki hugsað út í það að binda helskó á Véstein?  
Hvað segir þetta atvik okkur um Gísla og Þorgrím?
71. Hvað mælti Þorgrímur þegar hann var búinn að binda helskóna?
72. Hvaða dýr voru það sem Gísli dreymdi að yrðu Vésteini að bana?
73. Af hverju ætli Þorkell spyrji Gísla tvisvar um hvernig Auður taki dauða bróður síns?
74. Hvaða skilyrði setur Gísli Þorkatli fyrir því að allt verði gott á milli þeirra bræðra?
75. Hvað á Gísli við er hann segir: "... en á hitt horfir um draumana."?

**15. kafli**

76. Af hverju ætli Þorkell biðji Gísla að spara sig ekki við Þorgrím?
77. Hvaða atburður átti sér stað síðast þegar haldnar voru veislur samtímis á Sæbóli og á Hóli?
78. Hvaða mynd fáum við af Þorgrími í þessum kafla?
79. Hvað biður Gísli Geirmund að gera?
80. Hvaða tilgangi ætli veðurlýsingin í lok kaflans þjóni?
81. Útskýrið setninguna: "þar væri langt í milli hvort þú hefðir þá með öllu eða hefðir þú þá aldrei."
82. Hvað á Geirmundur við er hann segir við Þorgrím: "hafa skal ég vilja til að fá þér þar fylu er þú færð mér fola og er þó eigi varlaunað."?

**16. kafli**

83. Hvað sagði Gísli Auði konu sinni að hann ætlaði að gera út?
84. Hvernig stóð á því að Gísli var kunnugur húsaskipan á Sæbóli?
85. Hver slökkti á þriðja ljósinu?
86. Þó svo að mönnum virðist óljóst hver hafi drepið Þorgrím í framhaldinu, má vera ljóst að Þorkell og Þorgrímur nef vita hver verknaðinn hefur framið.  
Hvernig má það vera?

**17. kafli**

87. Hvað á Eyjólfur við í upphafi kaflans þegar hann segir að fólk sé vitlaust á Sæbóli?
88. Hvernig hjálpar Þorkell Gísli í þessum kafla?
89. Skrifðu niður orð Gísli er hann hefur lagt steininn í skipið og á hvaða atburð minna þau orð okkur?

**18. kafli**

90. Hvaða seið kaupir Börkur að Þorgrími nef handa banamanni Þorgríms bróður síns?
91. Hvernig skýrðu menn það að aldrei festi snæ utan og sunnan á haugi Þorgríms?
92. Hvað verður um Þórdísi eftir dauða Þorgríms og hvað er átt við með að hún "fór ekki ein saman."?
93. Hver var Auðbjörg og hvernig hefnir hún sín á Bergi fyrir það sem hann gerði Þorsteini syni hennar?
94. Hvað kemur fram í vísunni sem Gísli kveður á leikunum?

**19. kafli**

95. Segið frá örlögum systkinanna Auðbjargar og Þorgríms nefs.
96. Af hverju er dreginn kálfsbelgur yfir höfuð Þorgríms nefs er hann er drepinn?
97. Hvers vegna þykist Börkur enga virðingaför hafa farið vestur í Sæból?
98. Hví efast Börkur um orð Þórdísar? Hvað segir hann því til stuðnings?
99. Þorkell varar Gísli tvisvar sinnum við í þessum kafla, en hverju svarar hann honum er Gísli spyr hvaða lið hann megi vænta af honum?

**20. kafli**

96. Hvað er átt við með orðalaginu "að það hafi verið honum mjög innan handar"?
97. Í annað sinn spyr Gísli Þorkel hvaða lið hann vilji veita honum. Hverju svarar Þorkell?
98. Hvað segir það okkur um viðhorf manna til þræla og Gísli sjálfan hvernig hann fer með Þórð huglausa?
99. Hvar býr Gísli sér fylgsni?

**21. kafli**

100. Hvers vegna verður svo líttill málsvörn komið fyrir Gísla á þingi?
101. Af hverju gátu engir höfðingjar liðsinnt Gísla?
102. Hvað er Gísli búinn að vera lengi í útlegð í lok kaflans?
103. Teljið upp staðina þar sem Gísli er sagður hafa dvalið í útlegð.
104. Hvað merkir: "Þeim hafi næsta í allt skap komið."?

**22. kafli**

105. Hvern fær Börkur til að hafa hendur í hári Gísla og hvað borgar hann honum fyrir?
106. Lýsið Njósna-Helga á nútímamáli.
107. Hvaða kappi er einn sagður hafa verið lengur í útlegð en Gísli?
108. Lýsið draumkonum Gísla.
109. Hvert er inntak þess sem draumkonan hin betri sagði við Gísla?

**23. kafli**

110. Hvernig reynir Eyjólfur grái að fá Auði til að segja til Gísla?
111. Af hverju ákvað Gísli að færa sig um tíma úr Geirþjófsfirði?
112. Hvaða hjálp fær Gísli hjá Þorkatli bróður sínum í þetta sinn?
113. Hvert hélt Gísli eftir að hann skildi við Þorkel?
114. Hvað á Gísli við með eftirfarandi ummælum: „eigi verða körlunum svo vel að örvænt sé að konunum verði betur“?

**24. kafli**

115. Hvað er það sem draumkonan hin verri vill gera við Gísla í draumnum?
116. Í fjórða sinn kemur Gísli til Þorkels. Hverju svarar Þorkell?
117. Hvað má lesa úr orðum Gísla um líðan hans?
118. Af hverju hvolfir Gísli skipinu og lætur reka inn að Nesjum?
119. Hvernig var Ingjaldur í Hergilsey tengdur Gísla?

## 25. kafli

120. Segið frá heimilisfólkinu á Hergilsey.
121. Hvernig uppgötvaðist það að Gísli var með Ingjalði?
122. Hvar dvaldist Gísli þá er menn komu í eyrna?
123. Hvernig komst Njósнар-Helgi að því að Gísli var í eyrni?

## 26. kafli

124. Hvaða mann hefur Ingjaldur að geyma samkvæmt kaflanum?
125. Hvernig platar Gísli Börk og menn hans?
126. Hvernig minnir þetta okkur á það þegar Þórður hinn huglausi var drepinn?
127. Hvað segir þetta okkur um Gísla eða almennt viðhorf til þræla og annarra er minna máttu sín?
128. Hvernig stóð á því að Ingjaldur gat veitt Gísla svo mikla hjálp, þrátt fyrir seið Þorgríms nefs?

## 27. kafli

129. Hvernig launar Gísli Bóthildi hjálpina?
130. Takið eftir skoplegri lýsingu á Bóthildi er hún rær burt. Skráið hana niður.
131. Hvernig merkjum við af orðum höfundar í þessum kafla að hún er skrifuð talsvert löngu síðar en hún á að gerast?
132. Hvers konar maður ætli Refur bóndi hafi verið?
133. Af hverju finna þeir ekki Gísla er þeir leita í húsum Refs bónda?
134. Hvernig lýsir höfundur látbragði Álfðísar?

## 28. kafli

135. Hyggið að klæða- og vopnabúnaði Þorkels. Er dauði hans í samræmi við þá heildarmynd er dregin hefur verið upp af honum? Skýrið.
136. Hverra manna eru sveinarnir sem vega Þorkel?
137. Hver virðist hafa verið í ráðum með sveinunum í að vega Þorkel?
138. Hvað þýða orð Helga í lokin.

### 29. kafli

- 139. Af hverju ætli Gestur leggi til við Bökk að hann láti málið niður falla?
- 140. Af hverju ætli Bökkur sæki það ekki fastar að hefna Þorkels?
- 141. Hvar leituðu sveinarnir ásjár og af hverju ætli þeir hafi gert það?
- 142. Af hverju lét Auður Gísla ekki vita af komu bræðranna?

### 30. kafli

- 143. Hér kemur fram einkennileg afstaða hjá Gísla. Á hann drepa syni fóstbróður síns, sem hann hefndi, til að hefna fyrir bróður sinn sem engu vildi fórna fyrir hann sjálfan?
- 144. Hvað á Gísli mörg ár eftir ólífuð samkvæmt því sem draumkonan sagði, þegar hér er komið sögu?

### 31. kafli

- 145. Hvaða mynd fáum við af Njósna-Helga í þessum kafla?
- 146. Hvernig ætlaði Njósna-Helgi að merkja staðinn þar sem Gísli heldur sig?
- 147. Hvers vegna skyldi Hávarður standa með Gísla?
- 148. Af hverju ætli Eyjólfur grái telji mögulegt að kaupa Auði til að svíkja Gísla?

### 32. kafli

- 149. Hverju svarar Gísli er Guðríður segir að Auður ætli að svíkja hann?
- 150. Hvað gerði Auður við sjóðinn sem Eyjólfur fékk henni?
- 151. Ljúkið við setninguna: "Skaltu það muna, vesall maður, ...."
- 152. Hver kemur í veg fyrir að Eyjólfur drepi Auði?
- 153. Hvað segir þessi kafli okkur um stöðu kvenna til forna?
- 154. Hvað á Eyjólfur við er hann segir: "... án er ills gengis nema heiman hafi."?

### 33. kafli

- 155. Hvað sagði draumkonan hin verri við Gísla?
- 156. Gísli gerist svo myrkhraeddur að hann þorir hvergi einn saman að vera.
- 157. Hvaða annar frægur útlagi átti við sama vanda að stríða?

### 34. kafli

- 158. Lýsið síðasta draumi Gísla.
- 159. Hvernig finna þeir Eyjólfur fylgsni Gísla?
- 160. Af hverju segir Gísli er Auður hefur barið Eyjólf: "Minna lið veittir þú mér en þú mundir vilja eða ætlaðir:"?

### 35. kafli

- 161. Hvað kallaðist hamarinn sem Gísli stökk upp á til að hefja sína lokavörn?
- 162. Hvað hefur Gísli fellt marga í lok kaflans?

### 36. kafli

- 163. Hvað varð Gísli mörgum mönnum að bana í þessum lokabardaga sínum?
- 164. Hvernig var ástandið á Gísla í lokin?
- 165. Af hverju fengu þeir óvirðingu sem komu heilir út úr bardaganum við Gísla?
- 166. Hvað hefur verið sagt um vörn Gísla?

### 37. kafli

- 167. Hvernig er hægt að túlka orð og aðgerðir Þórdísar eftir víg Gísla?
- 168. Hver er staða Barkar og Eyjólfss gráa í lokin? Ætli þeir séu ánægðir með sitt hlutskipti?

### 38. kafli

- 169. Hvern kallar höfundur til sögunnar í lokin til að ganga frá lausum endum og hvernig gerir hann það?
- 170. Hver er það sem kemur Vésteinssonum, Gunnhildi móður þeirra, Auði og Guðríði og Geirmundi Ingjaldsbörnum utan í lokin?
- 171. Hvað varð um Auði og Gunnhildi?
- 172. Hvaða fólk virðist vera farsælast í lokin?
- 173. Hvað segir þessi kafli okkur um lífsviðhorf höfundar og siðferðiskennd?